



## KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ  
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 2. febrúar 2014

### **Breytingar á reglugerðum – ákvæði 13.9.2. í reglugerð KSÍ um aga – og úrskurðarmál**

Ágætu félagar

Á fundi stjórnar KSÍ 30. janúar samþykkti stjórn KSÍ að endurskoða fyrri ákvörðun um ákvæði 13.9.2. í reglugerð KSÍ um aga – og úrskurðarmál en ákvæðið tekur til sektargreiðslur vegna refsistiga félaga.

#### *Núgildandi ákvæði 13.9.2.*

13.9.2. Aðildarfélag sem fær sjö eða fleiri refsistig í sama leiknum, þar sem áminning er 1 refsistig og brottvísun 4 refsistig, skal sektað um kr. 3.000 í leikjum í meistaraflokki fyrir hvert refsistig umfram 6, en kr. 1.500 fyrir leiki í öðrum flokkum.

#### *Ákvæði 13.9.2. eftir breytingar. (breyting skáletruð)*

13.9.2. Aðildarfélag sem fær sjö eða fleiri refsistig í sama leiknum, þar sem áminning er 1 refsistig og brottvísun 4 refsistig, skal sektað *um kr. 2.500* í leikjum í meistaraflokki fyrir hvert refsistig umfram 6, en kr. *1.250* fyrir leiki í öðrum flokkum.

Breytingin tekur gildi nú þegar.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Bestu kveðjur

Þórir Hákonarson  
framkvæmdastjóri KSÍ